

3. fundur svæðisráðs rekstrarsvæðis 1, Norðursvæðis, í Vatnajökulspjódgarði haldinn mánudaginn 25. febrúar 2008 kl. 16:00.

Fundarstaður: Sel Hótel Mývatn, Mývatnssveit.

Á fundinn mættu:

Rúnar Þórarinnsson (RÞ) formaður frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson (BP) varaformaður frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir (FS) frá Þingeyjarsveit, Yngvi Ragnar Kristjánsson (YRK) frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ) þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum sem ritaði fundargerð. Þórður H. Ólafsson (ÞHÓ) framkvæmdastjóri Vatnajökulspjódgarðs sat fundinn að hluta. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (IÁJ) frá umhverfisverndarsamtökum og Ingvar Þóroddsson (IÞ) frá Samtökum útivistarfélaganna boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann sagði frá því að 4. mars n.k er fyrirhugaður fundur svæðisráðs Norðursvæðis með stjórn Vatnajökulspjódgarðs og mun sá fundur verða í Mývatnssveit.

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Rekstraráætlun Norðursvæðis.

Þórður H. Ólafsson kynnti rekstraráætlun fyrir Norðursvæðið og forsendur að baki henni. Áætlunin skiptist í almennan rekstur og stærri framkvæmdir. Áætlunin um almennan rekstur byggir í fyrsta lagi á rauntölum fyrir Jökulsárgljúfur, Herðubreiðarlindir og Öskju árið 2006, í öðru lagi á áætlun fyrir sömu svæði árið 2007 og í þriðja lagi á viðbótum vegna aukinnar landvörslu og viðhalds í Jökulsárgljúfrum 2008. Rauntölur fyrir árið 2007 liggja ekki fyrir frá Umhverfisstofnun á þessu stigi. Áætlun um stærri framkvæmdir byggir á því að 15 milljónir fari í framkvæmdir í Jökulsárgljúfur, þar af fari stærstur hluti í framkvæmdir við Gljúfrastofu sem ekki tókst að ljúka á síðasta ári. Auk þess eru til ráðstöfunar fyrir Norðursvæðið, af sameiginlegum fjármunum Vatnajökulspjódgarðs, 4 milljónir í skilti og merkingar, einhverjir fjármunir í endurprentanir á bæklingum og annarri útgáfu auk þess sem gert er ráð fyrir allt að 25 milljónum í gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjódgarðs á þessu ári. Í sameiginlegum pakka er einnig gert ráð fyrir 20 milljónum í uppbyggingu landvörslustöðva í Vatnajökulspjódgarði á þessu ári.

Nokkrar umræður urðu um áætlunina, m.a. var rætt um að rauntölur ársins 2007 vantaði til að hafa betri mynd af stöðunni og taldi SSJ að rauntölur yrðu talsvert hærri en áætlun 2007.

Svæðisráð Norðursvæðis samþykkti eftirfarandi bókun:

„Svæðisráð samþykkir rekstraráætlun svæðis 1, Norðursvæðis með fyrirvara um að rauntölur 2007 verði í samræmi við grunn ÞHÓ sem áætlun 2008 er unnin út frá.“

Svæðisráðið telur nauðsynlegt að setja þennan fyrirvara vegna þess að illa hefur gengið að ná árshlutauppgjörum og lokauppgjöri fyrir árið 2007 út úr bókhaldi Umhverfisstofnunar.

Einnig var rædd nauðsyn þess að koma upp landvörslustöð við Dettifoss að vestanverðu sem fyrst en slík stöð er ekki skilgreind í skýrslu nefndar um Vatnajökulspjódgarðs. Formleg skilgreining á landvörslustöð við Dettifoss er forsenda þess að fjármagn fái til að byggja um móttöku og upplýsingagjöf við Dettifoss.

Svæðisráð Norðursvæðis samþykkti eftirfarandi bókun:

„Fundur í svæðisráði á svæði 1, Norðursvæði, haldinn í Sel Hótel Mývatn 25. febrúar beinir því til stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs að sett verði upp landvörslustöð við Dettifoss að vestan. Stefnt er að því að nýr vegur, Dettifossvegur, með Jökulsá að vestan verði tekinn í notkun á árinu 2011. Með tilkomu Dettifossvegur mun komum ferðamanna á svæðið fjölga verulega sem aftur kallar á bættu aðstöðu. Með Dettifossvegi mun þungamiðja í móttöku gesta hjóðgarðsins (Jökulsárgljúfra) deilast á Ásbyrgi og Dettifoss og því er nauðsynlegt að koma upp móttöku og upplýsingagjöf fyrir gesti við Dettifoss. Þessi landvörslustöð er ekki talin upp í skýrslu ráðgjafanefndar um Vatnajökulshjóðgarð, og má það teljast merkilegt og hlýtur að flokkast sem gleymaska að þessi staður hafi fallið niður.“

Einnig var rætt um nauðsyn þess að ljúka við gerð bílastæðis við Gljúfrastofu, en það er ekki inni í áætluninni, og leita eftir frekari fjármagni hjá Vegagerð ríkisins til þess verkefnis en þar liggur nú þegar fyrir umsókn um fjármagn í framkvæmdina.

SSJ og ÞHÓ munu setja sig í samband við Vegagerð ríkisins vegna þessa.

2. Önnur mál.

Á fundinum komu fram fyrirspurnir um stöðu mála varðandi samninga við landeigendur og stöðu mála varðandi reglugerð um hjóðgarðinn. Í framhaldi af því var farið yfir það helsta sem kom fram í drögum að fundargerð frá fundi stjórnar í janúar s.l.

RÞ upplýsti að Umhverfissráðuneytið væri búið að senda landeigendum bréf varðandi þau svæði sem óskað er eftir að fari inn í hjóðgarðinn.

RÞ upplýsti einnig að mjög fljótlega fengi svæðisráðið reglugerðina til umsagnar.

BP upplýsti að staðsetning gestastofu Vatnajökulshjóðgarðs í Mývatnssveit yrði tekin fyrir á sveitastjórnarfundi í næstu viku og myndi þá ákvörðun liggja fyrir. Í framhaldi af því verður hægt að ráðast í gerð deiliskipulags.

Lítilsháttar var rætt um gerð verndaráætlunar fyrir hjóðgarðinn og aðkomu svæðisráðs að þeirri vinnu. ÞHÓ upplýsti að Umhverfisstofnun hefði ætlað að koma með einhverjar leiðbeiningar varðandi gerð verndaráætlunar og yrði það væntanlega á næsta fundi þann 4. mars n.k.

Svæðisráðið stefnir á að halda næsta fund rétt fyrir páska.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir